

Miðvikudaginn 3. nóvember 1948.

Nr. 6/1948.

Guðmundur Helgason

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

verkamannafélagsins Þórs á Selfossi

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Krafa um félagsréttindi í verklýðsfélagi.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útg. 21. september þ. á. af Guðmundi Helgasyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda aðallega þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. september þ. á. að telja. Til vara krefst hann þess, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í nefndu félagi. Málskostnaðar krefst hann og úr hendi stefnda eftir mati dómsins, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Loks gerði stefnandi þá kröfu, er málið var flutt munnlega, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða sekt í ríkissjóð eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnanda en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima síðan haustið 1944. Þenna tíma allan hefur hann unnið að smíðum, fyrst sem aðstoðarmaður við byggingar, með venjulegu verkamannakaupi, en síðar við smíðar í bifreiðasmiðju Kaupfélags Árnesinga, og þá fyrir hærra kaupi (gervismiðakaupi). Síðast liðið sumar vann hann nokkurn tíma sem afgreiðslumaður í kjötbúð kaupfélagsins og vann þá aðallega að því að ganga frá pöntunum til sveitaheimila.

Hann er búfræðingur að menntun, en hefur ekki stundað iðnaðarnám né fengið nein réttindi sem iðnaðarmaður. Í

ágústmánuði s.l. sneri hann sér til formanns verkamannafélagsins Þórs. Afhenti honum inntökubeiðni í félagið og greiddi inntökugjaldið. Veitti formaðurinn, sem ritaði fyrir hann inntökubeiðnina, hvoru tveggja móttöku án nokkurra athugasemda. Samkvæmt lögum verkamannafélagsins skal formaður bera inntökubeiðnir undir atkvæði á félagsfundi. Næsti fundur í félaginu var ekki haldinn fyrr en 15. sept. s.l. Fundarefni var: 1) að kjósa fulltrúa á alþýðusambandsþing og 2) önnur mál. Stefnandi kom á fund þenna ásamt nokkrum mönnum öðrum, sem höfðu þá nýlega sótt um inngöngu í félagið. Í fundarbyrjun bar einn félagsmaður fram þá tillögu, að fyrst yrði tekin fyrir inntaka nýrra félaga. En á fundi í trúnaðarmannaráði félagsins 12. s. m. hafði verið samþykkt, að taka ekki nýja félagsmenn inn í félagið, fyrr en kosningu til alþýðusambandsþings væri lokið. Tók formaður þessa tillögu því ekki til greina og lét kosningu fram fara. Ekki bar formaður, að þessum dagskrárlið afgreiddum, undir atkvæði inntökubeiðnir þær, er honum höfðu borizt, og virðist ekki hafa komið fram krafa um það þá frá neinum fundarmanni. Næst gerðist svo það, að stefnandi höfðaði mál þetta svo sem að framan greinir.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að hann sem verkamaður eigi kröfu til þess samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 að fá inngöngu í verkamannafélagið. Hafi stefndi með synjun sinni gerzt brotlegur við ákvæði nefndrar greinar og eigi því að sæta refsingu fyrir það. Telur stefnandi, að skylt hafi verið, að veita sér félagsréttindi þegar í upphafi fundarins 15. sept., og þar með gefa sér kost á að taka þátt í fundarstörfum. Kveður hann það vera sér hagsmunamál, að vísu ekki fjárhagslegt, að fá það viðurkennt með dómi, að hann hafi átt að fá full félagsréttindi þegar í upphafi fundarins 15. sept. s.l., því með synjun um inntöku þá hafi hann verið sviptur þeim rétti að geta haft áhrif á, hverjir færu með stjórn alþýðusamtakanna í landinu næstu tvö árin.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 geti verklýðsfélögin sjálf ákveðið, til hvaða starfsgreinar þau taki. Nú sé almenn verkamannavinna sú starfsgrein, er þeir menn stundi, sem félagið sé stofnað til

hagsbóta fyrir, og sé því af þessum sökum rétt að veita þeim mönnum eða konum einum inngöngu í félagið, sem vinni almenna verkamannavinnu. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi trésmíðar. Félagið hafi því ekki á nokkurn hátt gerzt brotlegt við 2. gr. nefndra laga með því að synja honum inngöngunnar. Telur stefndi, að stefnandi geti ekki byggt neinn almennan rétt til inngöngu í verkamannafélagið á þessari grein, og hagsmunalega séð skipti það hann engu máli, hvort hann sé í félaginu eða ekki.

Þá heldur stefndi því og fram, að þó talið yrði, að stefnandi ætti rétt til inngöngu í félagið, þá sé það ekki á valdi dómsins að skera úr um það, í hvaða röð málefni skuli tekin fyrir á fundum verkamannafélagsins og jafnframt mótmælir hann því, að stefnanda verði dæmd félagsréttindi frá tilteknum degi. Loks andmælir stefndi því, að á hann verði lögð nokkur refsing í máli þessu, þótt talið yrði, að hann hefði breytt andstætt 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem ekki hafi verið gerð refsikrafa í stefnu.

Samkvæmt 2. gr. samþykktu verkamannafélagsins Þórs, er tilgangur félagsins sá, „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því sviði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma,“ svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona, ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar virt eru þessi ákvæði samþykktanna annars vegar og hins vegar atvinna stefnanda, sem að framan er greind, verður ekki talið, að hún sé þess eðlis eða hagir hans með þeim hætti, að hann geti ekki talizt í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum félagssamþykktanna á heima í verkamannafélaginu Þór. Af þessu leiðir, að neitun stefnda á því að veita honum inngöngu í verkamannafélagið Þór, er brot á ákvæðum 1. mgr. 2. gr. laga nr. 80/1938. Er stefnda samkvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi, en ekki þykja efni til, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

Það er ekki á valdi dómsins að skera úr um það, í hvaða röð

átti að taka fyrir fundarefni á fundinum 15. sept. s.l., og ekki þykja ástæður vera fyrir hendi til þess að taka þá kröfu stefnanda til greina, að honum verði dæmd félagsréttindi í verkamannafélaginu frá og með 15. september s.l.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Guðmundi Helgasyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Það er upplýst í málinu, að stefndi hefur verið fastráðinn starfsmaður á bifreiðaverkstæði Kaupfélags Árnesinga sem smiður síðastliðin 3—4 ár og er það enn. Stefndi hefur aldrei samið um kaup og kjör smiða, enda ekki gert ráð fyrir slíku í samþykktum hans. Stefnandi hefur því enga fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, enda hefur hann viðurkennt það hér fyrir dómnum.

Þar eð stefnandi vinnur að starfsgrein, sem er utan starfsviðs stefnda, ber stefnda ekki skylda samkvæmt 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur að veita honum félagsréttindi og ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefndi, verkamannafélagið Þór á Selfossi, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Helgasonar.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.